

Aðgerðir í háskóla- og vísindamálum

Skilagrein rýnihóps menntamálaráðherra

27. ágúst 2009

INNGANGUR

Katrín Jakobsdóttir menntamálaráðherra skipaði í byrjun júní rýnihóp til að leggja mat á tillögur um breytingar á háskólakerfinu og stefnumótunar- og stuðningskerfi rannsókna og nýsköpunar sem tveir hópar sérfræðinga höfðu lagt fram vorið 2009¹ og gera tillögur að útfærslum. Í erindisbréfi hópsins segir:

Markmið hópsins eru

að ræða um hvaða skipan og starfshættir henta best til að háskóla- og vísindasamfélagið nái að sinna margþættum tilgangi sínum.

að taka afstöðu til fyrirliggjandi tillagna í nýútkomnum skýrslum menntamálaráðuneytisins um málaflokkinn.

að þróa vegvísir fyrir ráðherra um hlutverk og umgjörð háskóla, vísinda og nýsköpunar á Íslandi.

Eftirtaldir einstaklingar voru skipaðir í rýnihópin: Áslaug Helgadóttir, Berglind Rós Magnúsdóttir (formaður), Bjarni Jónsson, Einar Steingrímsson, Guðmundur Heiðar Frímansson, Guðrún Nordal, Inga Þórsdóttir, Jón Torfi Jónasson, Jón Ólafsson, Kristín Vala Ragnarsdóttir, Magnús Karl Magnússon, Páll Skúlason, Una Þorleifsdóttir, Viðar Hreinsson, Þórdís Ingadóttir og Þórólfur Þórlindsson.

Hópurinn hittist á nokkrum fundum frá júní til ágúst og hélt einn starfsdag með þátttöku menntamálaráðherra, rektora háskólanna og sérfræðinga ráðuneytisins 5. ágúst.

Haustið 2008 voru fjórir erlendir sérfræðingar beðnir um að gera tillögur að aðgerðum í háskóla og rannsóknamálum í ljósi breyttra efnahagsaðstæðna. Á sama tíma var skipuð íslensk verkefnisstjórn til að fjalla um sama mál. Hóparnir tveir unnu sjálfstætt og skiluðu skýrslum vorið 2009. Í skýrslunum eru gerðar margar tillögur að aðgerðum og breytingum á kerfinu en þær helstu eru eftirfarandi:

- Háskólum verði fækkað í allt að tvo.
- Samstarf háskóla og rannsóknastofnana verði aukið.
- Rekstrarumhverfi og rekstrarform háskólanna verði samræmt.
- Vísinda- og tækniráð verði eflt og fái sjálfstæðara hlutverk.

Rýnihópurinn tók tillögurnar til umfjöllunar og ræddi kosti þeirra og galla bæði fyrir langtímauppbyggingu æðri menntunar, rannsókna og nýsköpunar á Íslandi en ekki síður með tilliti til niðurskurðar í ríkisfjármálum og hvernig best er að mæta honum.

Í þessari skilagrein eru lagðar fram þrjár megingtillögur og áætlun um næstu skref sem hópurinn kom sér saman um, þó ekki hafi verið fullkomið samkomulag um allt sem hér kemur fram.

¹ Verkefnastjórn vísinda- og háskólamála: Skilagrein, 25. maí 2009 (http://bella.stjr.is/utgafur/Verkefnastjorn_menntamalaraduneytis_um_haskola_og_visindi-skilagrein_25.mai_2009.pdf) og Education, Research and Innovation Policy: A New Direction for Iceland, maí 2009 (http://bella.stjr.is/utgafur/Education_research_and_innovation_policy_Skyrsla_erlendrar_serfradinefndar_mai_2009.pdf)

HELSTU NIÐURSTÖÐUR

Mikilvægustu skilaboð rýnihópsins eru að nú skipti miklu máli að standa vörð um menntun og rannsóknir með framtíð þjóðarinnar í huga. Atvinnulíf og menning þjóðarinnar byggir á vel menntuðu fólki og rannsóknum og því er mikilvægt að missa ekki sjónar á mikilvægi þess að efla menntun og rannsóknir með framtíð Íslands í huga. Gott menntakerfi á öllum stigum og öflugt rannsókn- og nýsköpunarsamfélag er mikilvægur grundvöllur uppbyggingar þjóðlífsins og hvetur fólk til að finna sér starfsvettvang á Íslandi. Það er nauðsynlegur liður í þróun samfélags sem laðar að sér ungt menntað fólk og kveikir fjölbreytt atvinnulíf.

Hópurinn tekur ekki efnislega afstöðu til einstakra tillagna í skýrslunum tveimur sem hann fjallaði um en telur mikilvægast að ráðuneytið beiti sér fyrir aðgerðum á eftirtöldum þremur sviðum.

Aukið samstarf í háskólakerfinu

Samstarf háskólanna og samstarf þeirra við rannsóknastofnanir, fræðasetur, náttúrustofur og aðrar stofnanir sem stunda rannsóknir og koma að æðri menntun þarf að auka. Með þessu móti má efla faglegan styrk um land allt og auðvelda háskólum og öðrum stofnunum að taka á niðurskurði í framlögum ríkisins. Í þessu samhengi þarf að athuga með skýrari verkaskiptingu háskólanna og verkefni sem þeir geta sameinast um, eins og kennslu á ýmsum sviðum, rannsóknatengt framhaldsnám, þjónustu (t.d. innritun, alþjóðaskrifstofu) og annað sem þeir hafa hag af að standa saman að og getur á sama tíma skilað hagræðingu. Meta þarf hvort fýsilegt og hagkvæmt sé að sameina einstaka háskóla og stofnanir þegar fram í sækir og auka þannig faglegt afl þeirra enn frekar, en sameiningar geta ekki verið markmið í sjálfu sér. Fagleg sjónarmið verða að veða þungt í umræðu um sameiningar og þegar ákvarðanir eru teknar.

Efling á gæðamati og eftirliti

Tryggja þarf gæði háskólakennslu og rannsókna með gæðamati og eftirliti (sbr. Lög um háskóla nr. 63/2006 og reglugerð nr. 321/2009). Gæðamat og eftirlit með gæðum þarf að ná til kennslu og rannsókna, byggja á alþjóðlega viðurkenndum viðmiðum og vera í höndum óháðra aðila. Meta þarf með samræmdum hætti gæði kennslu hjá háskólum og stofnunum sem sinna kennslu á háskólastigi og gæði rannsókna hjá háskólum, rannsóknastofnunum og öðrum sem fá opinbert fé til rannsókna. Gæðamat þarf að byggja á alþjóðlega viðurkenndum viðmiðum en nauðsynlegt er að taka tillit til mismunandi hefða fræðasviðanna. Fjármögnun rannsókna og kennslu þarf að miða við mat á árangri og gæðum. Sækja má fyrirmyndir til annarra landa. Stofnanir þurfa einnig eigið innra eftirlit með kennslu og rannsóknum þegar bæta þarf starfsemina. Mat á gæðum kennslu og rannsókna og eðlileg eftirfylgni eru réttindi háskólanema og mikilvægir fyrir samkeppnissjóði sem veita rannsóknafé. Gæði auka einnig möguleika stofnana til að sækja erlent fjármagn og bæta starfsskilyrði þeirra.

Endurskoðun á fjármögnun háskólanna

Mikilvægt er að núverandi kerfi, þar sem háskólarnir eru reknir undir mismunandi rekstrarformum, eru fjármagnaðir á ólíkum forsendum og hafa mismunandi möguleika til að afla sér tekna, verði endurskoðað. Búa þarf háskólunum ramma með gagnsæi í fjárveitingum til kennslu, rannsókna og annarra þátta og sömu reglur verða að gilda fyrir alla háskólana. Fjárveitingar þurfa að vera í samræmi við umfang starfseminnar, gæði hennar og árangur. Einnig er mikilvægt að háskólarnir hafi allir sömu möguleika á að afla sértekna. Fjármögnun háskólanna má ekki vera þess eðlis að hún torveldi samstarf milli háskóla og milli háskóla og rannsóknastofnana, heldur hvetji til þess á sama tíma og hún hvetur til heilbrigðrar samkeppni milli þeirra.

NÆSTU SKREF

1. Samstarfsnefnd háskólastigsins verði gerð að samráðsvettvangi háskóla og menntamálaráðuneytis. Hlutverk nefndarinnar verði endurskoðað og sérstaklega litið til þess hverjir eiga að sitja í henni og hvort hún hafi ákvarðanavald í ákveðnum málum.

Framkvæmd: Menntamálaráðuneytið í samstarfi við háskólana.

2. Vísinda- og tækniráð fái hugmyndir rýnihópsins sem og tillögur verkefnastjórnar ráðuneytisins og erlendu sérfræðinganna sem skiluðu skýrslum í vor til umfjöllunar. Á vettvangi Vísinda- og tækniráðs þarf sérstaklega að skoða þau málefni sem snerta mennta-, rannsókn- og nýsköpunarkerfið í heild sinni.

Framkvæmd: Menntamálaráðuneytið í samstarfi við Vísinda- og tækniráð og önnur ráðuneyti.

3. Efnt verði til opinberrar umræðu um hlutverk háskóla og vísinda á Íslandi (m.a. með málþingum) með þátttöku innlendra og erlendra sérfræðinga og háskólafólks sem hefur reynslu af stjórnun og endurskipulagningu háskóla. Í kjölfarið verði skipulögð vinna við gerð hvítbókar um uppbyggingu æðri menntunar og stuðning við rannsóknir og nýsköpun.

Framkvæmd: Menntamálaráðuneytið, háskólarnir og aðrir hagsmunaaðilar.

4. Skipaður verði starfshópur um rekstrarform háskólanna. Markmiðið verði að koma með útfærðar tillögur á þessu ári um kosti og galla mismunandi rekstrarforma og tillögur að breytingum.

Framkvæmd: Menntamálaráðuneytið.

5. Unnið verði að samræmingu í fjármögnun háskólanna – til kennslu, rannsókna og annarra þátta. Greina þarf mismunandi kosti og áhrif á kostnað hins opinbera og mótun háskólastarfsins og samfélagsins til lengri tíma.

Framkvæmd: Menntamálaráðuneytið og háskólarnir.

6. Greindir verði kostir við að setja á fót miðstöð doktorsnáms fyrir allt háskólastigið þar sem forsendur doktorsnáms og gæðakröfur verða skilgreindar.

Framkvæmd: Menntamálaráðuneytið með samstarfsnefnd háskólastigsins.

7. Unnið verði að því að auka sameiginlega stoðþjónustu háskólanna (t.d. með sameiginlegri innritun, alþjóðaskrifstofu, námsráðgjöf eða öðru sem háskólarnir geta sameinast um).

Framkvæmd: Menntamálaráðuneytið með samstarfsnefnd háskólastigsins.

8. Komið verði á virkara gæðaeftirliti fyrir kennslu og rannsóknir háskólanna með sjálfstæðri skrifstofu eða nefnd sem ber ábyrgð á gæðaeftirliti og mati.

Framkvæmd: Menntamálaráðuneytið í samstarfi við háskólana.

- Þekkingarstofnanir um land allt (rannsóknastofnanir, fræða- og háskólasetur og aðrar stofnanir sem stunda eða geta hýst rannsóknir) verði kortlagðar og myndað verði tengslanet með það markmið að koma á öflugu samstarfi við rannsóknir og kennslu og ná þannig verulegum samlegðaráhrifum. Gæti það orðið fyrsta skrefið í átt að sameiningu háskóla og stofnana verði það talið fýsilegt.

Framkvæmd: Ráðuneytin, háskólar og rannsóknarstofnanir.

- Farið verði í endurskoðun á samningum ríkisins við háskólana og meðal annars skoðað hvort gera eigi skýrari samninga um fjölda nemenda í hverjum reikniflokki.

Framkvæmd: Menntamálaráðuneytið og háskólarnir.

- Vinnu ráðuneytisins við endurskoðun reikniflokka verði lokið og þeim beitt við útreikninga frá og með 2011.

Framkvæmd: Menntamálaráðuneytið.